

Ágæta sveitarstjórnarfólk og aðrir gestir.

Ég þakka fyrir boðið um að ávarpa fjórðungsþingið ykkar í fjarveru innviðaráðherra, Sigurðar Inga Jóhannssonar. Ráðherra þykir leitt að geta ekki verið með ykkur hér í dag og biður fyrir góðar kveðjur.

Nú í sumar var ég skipaður skrifstofustjóri í innviðaráðuneytinu og fer þar fyrir skrifstofu sveitarfélaga og byggðamála. Áður hafði ég í rúm 20 ár starfað sem forstjóri Byggðastofnunar og tel mig því þekkja býsna vel til þeirra málefna sem sveitarstjórnarfólk á Vestfjörðum ber fyrir brjósti. Ég hef átt gott samstarf við mörg ykkar í gegnum tíðina og efast ekki um að á því verður framhald. Það hefur sannarlega verið gaman að fylgjast með þeim framförum sem eru að verða hér hægt en örugglega á þróun byggðar og byggir ekki síst á því að fleiri og fjölbreyttari stoðum er skotið undir atvinnulíf svæðisins samhliða framþróun á sviði samgangna og fjarskipta og þar með stóraukinna möguleika íbúanna á að sækja sér þjónustu jafnt opinberra aðila sem og einkaaðila. Það er forsenda þess að hér geti orðið enn frekari fjölgun og byggðirnar blómstrað áfram eins og þróun undanfarinna ára gefur fyrirheit um.

Vestfirðir eru nú svo sannarlega „land tækifæranna“ þar sem íbúarnir nýta tækifæri á sviði ferðaþjónustu, fiskeldis og í margvíslegri nýsköpun í matvælaíðnaði. Og ekki má gleyma áherslu ykkar á umhverfismál, eins og til dæmis umhverfisvottun landshlutans sannar. Við vitum að við stöndum nú frammi fyrir þeim veruleika að þurfa að hefjast handa við að undirbúa samfélög okkar undir afleiðingar loftslagsbreytinga sem munu hafa margvísleg áhrif á Vestfjörðum líkt og annars staðar. Til að geta sem best aðlagað okkur að breytingum er mikilvægt fyrir okkur að vita hverjar slíkar breytingar koma helst til með að vera, hvar þær munu helst snerta okkur og á hvaða hátt.

Þar sem ég stend hér í fjarveru ráðherra mun ég einbeita mér að málaflokkum innviðaráðuneytisins í þessu ávarpi mínu. Mögulega verður þó mest áhersla hjá mér á byggða- og sveitarstjórnarmál, en þá málaflokka þekki ég best.

Innviðaráðuneytið er nýtt ráðuneyti sem varð til á grunni samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins við breytingar á Stjórnarráðinu í janúar á þessu ári. Verkefni þessa nýja ráðuneytis ná til fjölmargra sviða þjóðfélagsins og varða meðal annars samgöngur, sveitarstjórnar- og byggðamál, húsnæðis- og

mannvirkjamál og skipulagsmál. Á meðal nýrra verkefna hjá okkur eru skipulags- húsnaðis- og byggingarmál sem færast frá félagsmálaráðuneytinu. Undir húsnaðismálin heyrna húsnaðisbætur, stofnframlög, vaxtabætur og Húsnaðis- og mannvirkjastofnun. Tilfærsla húsnaðis- og skipulagsmála í hið nýja innviðaráðuneyti er til þess gerð að tryggja betri samhæfingu með sveitarfélögum, að nýta samlegðarkraftinn til að auka stöðugleika og er ein af stóru áherslunum í stjórnarsáttmálanum til að skapa jafnvægi á húsnaðismarkaði. Það má því segja að stefnumótun og yfirumsjón þessara málaflokka séu komin á einn stað – í einu ráðuneyti.

Í innviðaráðuneytinu er lögð mikil áhersla á að samhæfa þær áætlanir sem undir ráðuneytið heyrna þ.e. samgönguáætlun, húsnaðisáætlun, sveitarstjórnaráætlun, byggðaáætlun og skipulagsstefnu. Um þessar mundir er unnið að stefnumótun í öllum þessum málaflokkum, fyrir utan byggðaáætlun en sú áætlun var samþykkt einróma á Alþingi í júní síðastliðnum. Boðað hefur verið til funda í öllum landshlutum til að leita eftir sjónarmiðum sveitarstjórnafólks og íbúa við stefnumótun í framangreindum málaflokkum. Ég hvet ykkur eindregið til að taka þátt í þeirri vinnu. Áður en ég fer inn í einstaka málaflokka ráðuneytisins þá vil ég nefna að ráðherra leggur mikla áherslu á að allar áætlanir ráðuneytisins stuðli að búsetufrelsi. Með samráði við íbúa viljum við gjarnan skiptast á skoðunum um búsetufrelsi, hvað í því felst og hvað þarf til að ná því. Við erum að vinna með drög að skilgreiningu á hugtakinu sem segir að í því felist að þjónusta hins opinbera eigi að vera aðgengileg öllum, hvar sem þeir búa á landinu. Hamingja fólks er ekki síst fólgin í því að það geti búið sér heimili þar sem það helst kýs. Búsetufrelsi ýtir þannig undir fjölbreytileika byggðanna. Í nýju ráðuneyti innviða verður unnið að búsetufrelsi meðal annars með því að stuðla að:

- Öflugum sveitarfélögum
- Fjölbreyttu framboði húsnaðis
- Sem flest störf verði óstaðbundin
- Góðu aðgengi að þjónustu
- Skiplag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun þéttbýlisstaða þar sem hugað er að góðu aðgengi að þjónustu og gæðum í hinu byggða umhverfi og lifandi bæjarrýmum.

Húsnæðis- og skipulagsmál

Ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir ýmsum umbótum í húsnæðismálum á síðasta kjörtímabili í tengslum við lífskjarasamninga. Það er brýnt fyrir okkur sem samfélag að ná jafnvægi í húsnæðismálum enda ráðast lífskjör fólks ekki síst af því hvað fólk ver miklum hluta af ráðstöfunartekjum sínum í húsnæði. Eftirspurn eftir húsnæði getur tekið miklum breytingum á skömmum tíma en öðru máli gegnir um framboðshliðina sem er flóknari og margbreytilegri. Aðgengi að húsnæði er einnig forsenda fyrir sjálfbærum atvinnusvæðum og uppbyggingu nýrra atvinnuvega.

Ein forsenda jafnvægis er að fyrir liggi greinargóðar rauntímaupplýsingar um húsnæðismarkað, framboð íbúða og stöðu í skipulags- og byggingamálum á öllu landinu. Einn liður í því var að stofna nýja mannvirkjaskrá þar sem hægt er að skoða fjölda íbúða í byggingu eftir byggingarstigi. Mannvirkjaskráin sem HMS heldur utan um er strax farin að sanna sig því nú höfum við í fyrsta sinn nákvæmar tölur sem gera kleift að bæta áætlanagerð og draga úr framboðssveiflum með tilheyrandi verðhækkunum húsnæðis og áhrifum á verðbólgu.

Með flutningi fasteignaskrár og fasteignamats frá Þjóðskrá Íslands til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar var stigið stórt og nauðsynlegt skref til að einfalda þjónustu, en fyrst og fremst til að bæta yfirsýn og stefnumótun. Ávinningurinn verður vonandi vandaðri ákvarðanataka um uppbyggingu húsnæðis og skipulag með betri yfirsýn yfir framboð og eftirspurn.

Áfram verður lögð áhersla á verkefnið „Tryggð byggð“ sem er samstarfsvettvangur um húsnæðisuppbyggingu í landsbyggðunum, þar sem markmiðið er að bæta aðgengi að upplýsingum um sérstök landsbyggðarlán, stofnframlög og byggðaframlög sem og samstarf við leigufélagið Bríeti. Ef við lítum til Vestfjarða sérstaklega þá hafa undanfarið verið veitt stofnframlög til byggingar fjölda íbúða á svæðinu. Þar má sem dæmi nefna byggingu 14 íbúða við Lýðskólann á Flateyri og standa framkvæmdir nú yfir. Þá er búið að samþykkja stofnframlög til byggingu 40 íbúða á Ísafirði fyrir námsmenn við Háskólasetur Vestfjarða auk þess sem fleira mætti nefna.

Eins og þið eflaust þekkið þá skilaði starfshópur um húsnæðismál af sér í maí s.l. 28 tillögum sem miða að því að ná jafnvægi á húsnæðismarkaði til skemmri og

lengri tíma. Þar kemur meðal annars fram að byggja þurfi 3.500-4.000 íbúðir árlega á næstu fimm til tíu árum til að mæta uppsafnaðri þörf og spá um fólksfjölgun í landinu. Fram undan er að leita samninga við sveitarfélögin um skipulag lóða í takt við mannfjöldaspá og húsnæðisáætlanir þeirra. Óuppfyllt íbúðarþörf er gríðarleg og er mikilvægum áfanga náð með því að ríki og sveitarfélög hafi sameiginlega sýn á hver þörfin sé.

Eins og ég nefndi í upphafi þá eru skipulagsmál nú vistuð í innviðaráðuneytinu og í því felast miklir möguleikar að tengja saman málaflokka til að ná fram stefnumálum ráðuneytisins. Fyrir utan hlutverk skipulags til að styrkja innviði svo sem samgöngur og uppbyggingu húsnæðis og nýrra atvinnusvæða eru loftslagsmálin í forgrunni. Stefnumótun sveitarfélaga um landnotkun sem sett er fram í skipulagsáætlunum er mikilvægur grundvöllur til að hafa áhrif á kolefnisspor og er þar að auki lykilbreyta til að takast á við aðlögun vegna loftslagsbreytinga.

Sveitarstjórnarmál

Í janúar 2020 samþykkti Alþingi stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga. Er það fyrsta áætlun sinnar tegundar á Íslandi. Í fimm ára aðgerðaráætlun er að finna 11 aðgerðir sem almennt gengur vel að framfylgja. Vinna við endurskoðun er hafin, eins og ykkur er væntanlega kunnugt um. Spurningarlisti var sendur til allra sveitarfélaga í júní og hefur svörun verið ágæt. Svörin verða m.a. nýtt við vinnu við grænbók (stöðumat) í málefnum sveitarfélaga. Áætlað er að grænbókin verði lögð fram í samráðsgátt stjórnvalda í lok þessa mánaðar eða snemma í október og verður henni fylgt eftir með fundarröðinni Vörðum leiðina saman í október þar sem meginmarkmiðið verður að hlusta eftir áherslum, forgangsröðun og hugmyndum að leiðum að markmiðum meðal íbúa og sveitarstjórnarfólks. Jafnframt verður tekið við ábendingum í gegnum vefsvæði.

Ég get ekki látið hjá líða að nefna rétt snögglega fjármál sveitarfélaga. Fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga eru krefjandi verkefni og sífellt í skoðun. Ráðherra skipaði fyrir rúmu ári síðan verkefnisstjórn um endurskoðun tekjustofna sveitarfélaga og reglna um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Nefndin mun skila af sér nú á haustmánuðum og við ætlum að leyfa okkur að vera bjartsýn á að úr þeirri vinnu skili sér umbótatillögur á þessum sviðum sem hægt verði að

koma í framkvæmd. Ég veit á hinn bóginn að reynslumikið fólk á þessu sviði hér í salnum þekkir vel að það er gömul saga og ný að erfitt er að ná samstöðu á þessu sviði.

Þá vil ég einnig upplýsa um það að ráðherra hyggst nú alveg á næstunni ýta úr vör vinnu við endurskoðun sveitarstjórnarlaga. Tílefni þess er margþætt. Bæði hefur umboðsmaður Alþingis lengi bent á ýmis atriði í lögnum sem betur mættu fara, ekki síst um atvinnupátttöku sveitarfélaga og samstarf þeirra á milli. Þá eru ýmis verkefni í gildandi þingsályktun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaganna sem kalla á lagabreytingar svo hægt sé að framfylgja þeim. Yfirmarkmið þessarar vinnu er að leggja til lagabreytingar sem hafa í för með sér lýðræðis- og stjórnsýsluumbætur á sveitarstjórnarstiginu.

Samgöngumál

Þegar horft er til samgangna á Vestfjörðum hefur mjög margt áunnist. Útgjöld til vegamála í fjórðungnum hafa aukist stöðugt allt frá árinu 2017 og mjög stórum framkvæmdum hefur verið hrint af stað. Árin 2017-2021 var samtals fjárfest í vegakerfinu á Vestfjörðum fyrir rúma 24 milljarða króna. Þar af voru tæpir 13 milljarðar á árunum 2020 og 2021. Dýrafjarðargöng voru opnuð árið 2019 og eru ein umfangsmesta einstaka framkvæmd í vegakerfinu og hafa leyst erfiðan farartálma af hólmi, Hrafseyrarheiðina. Göngin bæta umferðaröryggi, spara tíma á ferðalögum og eru risaskref í bættri tengingu á milli sunnan- og norðanverðra Vestfjarða. Þá eru mjög stórar framkvæmdir í gangi eins og þið þekkið á Dynjandisheiði, auk framkvæmda í Barðastrandarsýslu sem er áætlað að verði að mestu lokið árið 2025. Nýr vegur á Strandir um Veiðileysuháls er mikilvægt verkefni sem er inni á gildandi samgönguáætlun. Ég veit að ráðherra vonast til og mun leggja áherslu á að þau áform standi þrátt fyrir að blikur séu á lofti í ríkisfjármálum.

Þá er gaman að segja frá því hér að ráðherra hefur nú ákveðið að framhald verði á því tilraunaverkefni sem farið var í síðasta vetur um snjómokstur í Árneshrepp. Verkefnið gekk vel, tíðin var vissulega fremur hagstæð, og því er ákveðið að halda því áfram.

En samgöngur fara auðvitað ekki bara um vegi landsins. Þið þekkið eflaust vel verkefnið Loftbrú, en frá því að hún var kynnt til sögunnar hefur nýting hennar

aukist stöðugt og hafa um 13 þúsund flugleggir verið styrktir á Vestfjörðum, þar af rúmlega 5000 fyrstu sjö mánuði þessa árs.

Siglingar á Breiðafirði hafa verið í deiglunni undanfarin misseri, ekki síst vegna erfiðleika í útgerð Baldurs. Vegagerðin undirbýr nú útboð á skipi sem gert er ráð fyrir að taki við af Baldri. Gert er ráð fyrir að farið verði í útboð nú í september. Vonir standa til að nýtt skip taki við um áramót.

Byggðamál.

Eins og áður var nefnt þá var byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036 samþykkt einróma á Alþingi í júní síðastliðnum. Áætlunin hefur undanfarin ár skapað sér sess sem mikilvægt stjórnþæki, bæði fyrir ríki og sveitarfélög. Með henni er leitað leiða til að samhæfa byggðamál sem mest við alla málaflokka hins opinbera. Það er nefnilega þannig að byggðamál þvera flesta ef ekki alla málaflokka.

Aðgerðaáætlun byggðaáætlunar nær til fimm ára, eða til ársins 2026. Í henni eru settar fram 44 aðgerðir og öll ráðuneyti eiga beina aðkomu að henni, en hvert ráðuneyti ber ábyrgð á minnst einni aðgerð. Eðli málsins samkvæmt ber innviðaráðuneytið ábyrgð á flestum aðgerðunum en önnur ráðuneyti hafa af vaxandi þunga komið inn í byggðaumræðuna og má þar t.d. nefna umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið sem fer með ábyrgð á alls níu aðgerðum í núgildandi áætlun.

Virkt samráð og samstarf ráðuneytisins við sveitarfélög landsins skiptir verulega miklu máli þegar kemur að mótun, framkvæmd og eftirfylgni byggðaáætlunar. Sveitarfélögin eru lykilgerendur í fjölmörgum aðgerðum en þau eru tilgreind sem framkvæmdaraðilar eða samstarfsaðilar í alls 16 aðgerðum af 44.

Fjölmörg verkefni hér á Vestfjörðum hafa síðustu mánuði og misseri notið stuðnings úr byggðaáætlun. Þar má nefna verkefni á borð við stuðning við Blábankann á Þingeyri, nýsköpunar- og þróunarverkefni á Flateyri í kjölfar snjóflóða og aðgerðir tengdar verkefninu Brothættar byggðir, en þrjú byggðalög á Vestfjörðum taka þátt í því verkefni um þessar mundir. Þá má nefna ýmsa styrki sem Vestfirðingar hafa fengið úr samkeppnispottum tengdum byggðaáætlun, svo sem styrki sem lúta að því að finna nýjar lausnir á sviði almenningsgangna og styrki úr aðgerðinni fjarvinnslustöðvar. Við nýjustu úthlutun úr stærsta

pottinum, aðgerð C.1 Sértek verkefni sóknaráætlanasvæða, fengu Vestfirðingar þrjá af átta styrkum sem veittir voru, eða samtals tæpar 48 m.kr. Allt mjög áhugaverð verkefni. Þau eru: undirbúningur og forsendugreining hitaveitu í Árneshreppi, jarðhitarannsóknir við Gálmaströnd og grænir iðngarðar á Reykhólum.

Þá vil ég að lokum minnst á sóknaráætlun Vestfjarða sem ég tel að gangi vel. Ég held að við getum öll verið sammála um að fjármunum til sóknaráætlana sé vel varið. Samvinna sveitarfélaga innan sóknaráætlunar er til fyrirmyndar um land allt. Í ríkisstjórnarsáttmálanum er kveðið á um að efla eigi sóknaráætlanir og unnið verður að því á kjörtímabilinu. Saman getum við gert sóknaráætlanir enn öflugra tæki til að efla einstök svæði, landshluta og þar með landið allt. Ég vil hvetja sveitarstjórnarmenn, ekki hvað síst þá sem eru að koma nýir að borðum, til að kynna sér vel sóknaráætlun Vestfjarða sem og nýsamþykka byggðaáætlun.

Lokaorð

Kæra sveitarstjórnarfolk.

Það er alltaf gott að koma á Vestfirði og eiga með ykkur samtal og skiptast á skoðunum um málefni líðandi stundar. Ég fagna sérstaklega umfjöllunarefni þessa þings - samstarf sveitarfélaga á nýju kjörtímabili – og hvet ykkur til dáða í þeim efnum. Við vitum öll að öflugt samstarf heimamanna getur lyft Grettistaki. Við sem störfum fyrir ríki og sveitarfélög erum þjónar íbúa landsins. Það er því mikilvægt að við vinnum vel saman.

Ég óska ykkur allra heilla á þessu þingi og velfarnaðar í ykkar störfum.